

**rúm** *hk – hús*  
[-s, -]

– ég fer í rúmið

‡

**morgun-n** *kk – hestur B S*  
[-s, morgnar]

– kemurðu á morgun?

‡ « kvöld

**lang-ur** *lo – gular Ö*  
[löng, -t; lengri, lengstur]

– leiðin er 20 kílómetra löng

‡ langr • endilangur, langt, lengi, lengd; langa  
« stuttur

**aftur** *ao*

– hvenær kemurðu aftur?

‡ apr • aftan « fram

**hvíla** *so vb-i – heyra*  
[-di]

– þú verður að hvíla þig

‡ • hvíld

**drekka** *so sb-3 – drekka*  
[drakk, drukkum, drukkið]

– ég drekk helst íslenskt vatn

‡

**sein-n** *lo – gular S*  
[-, -t (ao); -ni, -astur]

– þú ert orðin of sein

‡ • seint « fljótur

‡

**hingað** *ao*

– komdu hingað!

**hlé** *hk – hús*  
[-s, -]

– nú verður stutt hlé

**kunning-i** *kk – tími*  
[-ja, -jar]

– hann er kunningi minn

‡ • kunna, (ó)kunnugur, kynni

**snjó-r** *kk – hestur*  
[-s, -ar]

– það er enn snjór í fjöllum

‡

**algeng-ur** *lo – gular*  
[-, -t; -ari, -astur]

– þetta er algeng villa

‡ algangsa • al-, ganga (so) » venjulegur,  
eðlilegur « óvenjulegur

**geisl-i** *kk – tími*  
[-a, -ar]

– geislar sólarinnar eru sterkir

‡

**skamm-a** *so vb-a – kalla*  
[-aði]

– hún skammaði barnið

**ey, (eyj-a)** *kv (kv) – nál J (stofa)*  
[-jar, -jar (-u, -ar)]

– Ísland er eyja

‡

**slökk-va** *so vb-i – heyra*  
[-ti]

– viltu slökkva ljósið

‡/slökva